

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995 - 2015, 2. áfangi íbúðarbyggðar á Völlum.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í eftirfarandi atriðum:

1. Lega Ásbrautar breytist frá íþróttasvæðinu að Ásvöllum og suður fyrir 2. áfanga íbúðarhverfis.
2. Afmörkun verslunar- og þjónustusvæðis og svæða með blandaðri landnotkun vestan skipulagssvæðisins er breytt til samræmis við færslu götunnar.
3. Stofnanasvæði og svæði með blandaðri landnotkun í hlíðum Grísaness austan íbúðarhverfis er breytt í óbyggt svæði og að hluta í íbúðarsvæði.
4. Á norður- og austurjaðri skipulagssvæðisins meðfram Ásbraut verður miðsvæði. Þar er gert ráð fyrir þjónustustofnunum, hverfistengdri þjónustu og íbúðarbyggð.
5. Afmörkun íbúðarsvæðis er breytt til samræmis við tillögu að deiliskipulagi. Mörk breytinga eru dregin utan um 1. áfanga hverfisins og báðir áfangarnir sýndir sem samfelld hverfi.
6. Í miðju hverfinu er opið svæði til sérstakra nota, ósnert hraun, sem nýtur hverfisverndar. Í hverfisverndinni felst að hvorki má raska landslagi né gróðri. Innan svæðisins verða göngustígar og leikvellir.
7. Á stofnanasvæði syðst á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir leikskóla, grunnskóla og íþróttahúsi.
8. Lítilsháttar breyting er gerð á suðurmörkum íþróttasvæðis á Ásvöllum
9. Megin göngustígum er breytt til samræmis við deiliskipulagstillögu fyrir svæðið.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.